



Dreifibréf til lóðarhafa:
Arnarsmára 28, 30, 32.
Eyktarsmára 1, 3, 5.
Foldasmára, öll hús.
Hlíðarsmára 2, 4, 6.

Kópavogi, 10. mars 2022
2201276/510.03 GGG

Efni: Nónsmári 1-7 og 9-15, breytt deiliskipulag.

Á fundi bæjarstjórnar 8. febrúar sl. var samþykkt tillaga skipulagsráðs að auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðunum Nónsmára 1-7 og 9-15.

Í breytingunni felst að á lóðinni Nónsmára 1-7 fjölgar íbúðum úr 55 í 60 og á lóðinni Nónsmára 9-15 fjölgar íbúðum úr 45 í 50. Heildarfjöldun íbúða er alls 10 íbúðir. Þá er sótt um hækkun byggingarreita þannig að hús nr. 1 og 9 hækki úr tveimur hæðum í þrjár og hús númer 5, 7, 13 og 15 úr fjórum hæðum í fimm hæðir. Byggingarmagn á lóðunum eykst úr 15.600 m² í 17.300 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,6. Bílastæðum neðanjarðar fjölgar úr 82 í 104 en bílastæðum ofanjarðar fækkar úr 125 í 122.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is

Tillaga að breyttu deiliskipulagi er aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is / Íbúar – „Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu.“

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn 6. apríl nk.

Virðingarfyllt,

Guðmundur G. Gunnarsson
ritari skipulagsdeildar.